

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar,
nr. 100/2007 (fjárhæð bóta).

Frá minni hluta velferðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Nefndinni bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Landssamtökunum Þroskahjálpi og Öryrkjabandalagi Íslands.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 69. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, þess efnis að bætur almannatrygginga, meðlagsgreiðslur og fjárhæð tekjutryggingar taki sjálfkrafa breytingum ár hvert í samræmi við breytingar á launavísitölu, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Efni frumvarpsins.

Samkvæmt núgildandi ákvæði 69. gr. laga um almannatryggingar skulu nefndar fjárhæðir breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun skal taka mið af launaþróun með sama fyrirvara um lágmarkshækkun samkvæmt vísitölu neysluverðs. Ákvörðun um fjárhæð bóta er því í raun á hendi fjármála- og efnahagsráðherra sem ber ábyrgð á gerð fjárlaga. Í framkvæmd hefur ákvæðið verið skýrt þröngt og hafa fjárhæðir að meginstefnu til fylgt vísitölu neysluverðs þótt launaþróun hafi verið jákvæð og launavísitalan hærri. Hefur það leitt til þess að kjör lífeyrisþega hafa ekki fylgt kjarþróun í landinu með þeim afleiðingum að uppsöfnuð kjaragliðnun þeirra hefur aukist til muna.

Með frumvarpinu er kveðið á um þá grundvallarbreytingu á framkvæmd laganna að fjárhæðir bóta taki sjálfkrafa breytingum miðað við launavísitölu sem gefin er út af Hagstofu Íslands í stað þess að fjármála- og efnahagsráðherra komi að ákvörðun fjárhæða við gerð fjárlaga. Þar að auki er tryggt að kjör öryrkja og ellilífeyrisþega versni ekki á tímum mikillar verðbólgu.

Um fjöllun nefndarinnar.

Í umsögnum sem nefndinni bárust frá helstu hagsmunaaðilum þeirra þjóðfélagshópa sem frumvarpið snertir var almennt lýst mikilli ánægju með efni þess. Bent var á mikilvægi þess að frumvarpið kæmi ekki í veg fyrir hækkun lífeyris umfram launa- og neysluverðsvísitölu, t.d. til leiðréttingar á kjaragliðnun síðustu áratuga, stæði vilji löggjafans til þess.

Í þessu sambandi bendir minni hlutinn á að Alþingi getur ávallt breytt fjárhæð laganna eða reikniforsendum þeirra með lagabreytingu. Komi til þess taka þær fjárhæðir eftir sem áður árlegum breytingum í samræmi við launavísitölu verði frumvarpið að lögum. Að mati minni hlutans girðir frumvarpið því ekki fyrir frekari leiðréttingu á uppsafnaðri kjaragliðnun lífeyrisþega á komandi árum.

Minni hlutinn telur frumvarpið fela í sér mikla réttarbót fyrir lífeyrisþega almannatrygginga án þess að samþykkt þess leggi aukna byrði á ríkissjóð. Ætla má að fjárútlát ríkissjóðs aukist ekki nema laun í landinu hækki umfram verðbólgu. Verði launaþróun jákvæð hækka

skatttekjur ríkisins samhliða og á sú tekjuaukning að geta staðið undir vísitölutengdri hækkun fjárhæða bóta og annarra greiðslna sem frumvarp þetta tekur til.

Að mati minni hlutans er ljóst að núverandi framkvæmd við árlegar breytingar á fjárhæðum laga um almannatryggingar er ósanngjörn – lögin boða eitt en framkvæmdin er önnur. Frumvarp þetta tryggir samræmda framkvæmd við hækkun fjárhæða almannatrygginga ásamt því að girða fyrir frekari kjaragliðnun lífeyrisþega á komandi árum. Er því mikið réttlætismál að frumvarpið nái fram að ganga.

Frumvarpið var lagt fram sl. haust og hefur síðan þá verið til meðferðar hjá nefndinni. Hefur það leitt til þess að nauðsynlegt er að uppfæra gildistökuákvæði frumvarpsins. Að því sögðu leggur minni hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað ártalanna „2020“ og „2019“ í 3. gr. komi: 2021; og: 2020.

Hanna Katrín Friðriksson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkt álit þessu.

Alþingi, 29. júní 2020.

Helga Vala Helgadóttir,
form.

Guðmundur Ingi Kristinsson,
frsm.

Anna Kolbrún Árnadóttir.

Halldóra Mogensen.